

Salar Islandica ehf
Einar Örn Gunnarsson
Laugarásvegi 60
104 Reykjavík

2000090003
7617; 9310

Reykjavík, 6. október 2000
/PFP

Efni: Sjúkvíaeldi í Berufirði, Djúpavogshreppi. Ákvörðun um matsskyldu.

Skipulagsstofnun barst erindi Salar Islandica ehf., dags. 4. september 2000 og viðbótargögn dags. 20. september 2000 og 3. október 2000, þar sem greint er frá fyrirhuguðu eldi á laxi í sjókvíum í Berufirði. Vísað er til úrskurðar umhverfisráðuneytisins, dags. 4. september 2000, um að tilkynna beri framkvæmdina til Skipulagsstofnunar í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Salar Islandica ehf. telur framkvæmdina ekki matsskylda enda hafi hún hvorki veruleg né varanleg áhrif á umhverfið.

Skipulagsstofnun leitaði álits sveitarstjórnar Djúpavogshrepps, Hafrannsóknastofnunarinnar, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og veiðimálastjóra og barst álit frá sveitarstjórn Djúpavogshrepps með bréfi dags. 18. september 2000, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 22. september 2000, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 21. september 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 25. september 2000 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 15. september 2000. Veiðifélög Breiðdælinga, Borgarhafnar og Hornafjarðar voru einnig upplýst, með bréfum dags. 14. september 2000, um að framkvæmdin væri til ákvörðunar.

Í framlögðum gögnum Salar Islandica ehf. kemur fram að ráðgert er að framleiða allt að 8.000 tonn af eldislaxi á ársgrundvelli. Fyrirhugað er að laxinn verði kynbættur eldislax af norskum stofni sem ræktaður hefur verið hér á landi í eldisstöðvum frá 1983. Gert er ráð fyrir tveimur sjókvíum um 8600 m² hvor með um tveggja km millibili. Kvíarnar verða festar með taugum við botn á 45-60 m dýpi. Gert er ráð fyrir að aðstaða á landi, svo sem til slátrunar, verði á Djúpavogi.

Helstu umhverfisáhrif og mótvægisáðgerðir samkvæmt framlögðum gögnum.

Neikvæð áhrif fiskeldis eru talin, af hálfu framkvæmdaraðila, vera að því fylgir lífrænn úrgangur sem getur haft áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar. Stærð eldiskvíva verður um 2 ha eða um 1/2000 af flatarmáli fjarðarins. Helsta mengun frá fiskeldi er næringarefnalosun

(köfnunarefni - fosfór) en engin dæmi eru um ofgnótt næringarefna hér við land og engin ástæða til að óttast vandamál tengd næringarefnaauðgun. Losun þeirra verði einnig að skoða í því ljósi að kvíarnar verða utan fjöru á yfir 45 m dýpi. Að mati framkvæmdaraðila benda matsskýrslur, vegna vegar um Fossárvík og nýja höfn á Djúpavogi, til þess að skilgreina megi Berufjörð sem síður viðkvæman viðtaka, þar gæti sjávarfalla meira en í nokkrum öðrum firði á Austurlandi er bendi til að straumar séu góðir.

Árleg hámarks fódurnotkun er áætluð 8.800 tonn og gera má ráð fyrir að um 370 tonn af köfnunarefni og 53 tonn af fosfór fari út í umhverfið á ársgrundvelli. Með tilvísun í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar um starfsleyfi AGVA ehf. í Eyjafirði er bent á að fiskar taki fódurleifar en botnlægar lífverur, þang, þari og svifþörungar taki úrgangsefni og allt bendi því til þess að lífríki fjarðarins muni aukast fremur en minnka.

Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir tölvustýrðri fódurgjöf og vöktun til að ná fram sem bestri nýtingu fódurs og til að fylgjast með álagi á umhverfi. Kvíarnar verði staðsettar að sunnanverðu í firðinum þannig að lífrænn úrgangur berist með straumum út úr firðinum. Fylgst verði með úrgangssöfnun á botninum undir kvíunum og ef umhverfi stafi hætta af verði þær færðar til í firðinum. Laxinn sjálfur muni fyrstur skynja ef lífrænn úrgangur veldur hættuástandi og því er kappsmál að tryggja að umhverfið sé ætíð eins gott og kostur er. Fyrirhugaðar eru mótvægisáðgerðir til að tryggja að lax sleppi ekki úr stöðinni og til að draga úr hættu á erfðamengun. Áðgerðir felast m.a. í vönduðum búnaði, eftirliti og reglum um umferð báta. Fyrirbyggjandi áðgerðir vegna sjúkdómahættu felast m.a. í gæðaeftirliti, sóttthreinsun bíla/báta er flytja seiði til stöðvarinnar og verkfæra og vöktun umhverfis.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps gerir grein fyrir stærð Berufjarðar og að þar hafi ýmsar fisktegundir fundist. Rækja hafi verið veidd þar á árunum 1971-1985 og á árunum 1980-1990 hafi hluti af íslenska síldarstofninum haft vetursetu innst í firðinum. Tilraun með þorskeldi út af Innri Gleðivík hafi gefist vel. Laxeldiskvíar Salar Islandica ehf. séu fyrirhugaðar að sunnanverðu í firðinum þar sem straumur stendur út fjörðinn. Sveitarstjórn vísar einnig í bréf Hollustuverndar ríkisins til umhverfisráðuneytisins, dags. 16. ágúst 2000, þar sem stofnunin bendir m.a. á að fyrirtækið hafi lagt fram gögn er sýna að viðtaki sé skilgreindur sem síður viðkvæmt svæði. Þá sé þar einnig vísað til ákvörðunar Skipulagsstofnunar í máli AGVA ehf. í Mjóafirði þar sem ekki er krafist mats á umhverfisáhrifum en aðstæður þar séu fremur óhagstæðari m.t.t. sjávarstrauma en í Berufirði. Í ljósi þessa telur sveitarstjórn ekki ástæðu til að fram fari mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Hafrannsóknastofnunin bendir á að um 200 þús. tonn af síld héldu sig í þéttri torfu í Fossárvík að vetri til á tímabilinu 1980-90 og verulegt magn úrgangs hafi þá komið frá síldinni. Mikilvægt sé að aðeins verði notuð viðurkennd lyf með bólusetningu. Vegna fjarlægðar við laxveiðiár séu litlar líkur á erfðablöndun við villta laxastofna ef lax sleppur úr kvíunum. Æskilegt sé að fylgjast náið með tíðni laxalúsar í kvíum og villtum bleikjustofnum í firðinum fyrir og eftir að starfsemi hefst. Á undanförunum árum hefur einkum þorskur verið veiddur í firðinum og dálítið af skarkola en rækja 1971-85. Ekki sé vitað til að laxeldi t.d. í Noregi hafi valdið skaða á villtum nytjastofnum, svo sem þorski, síld eða rækju. Ein tegund, eyjapari, sem vex í Fossárvík sé á valista yfir plöntur en hún hefur ekki fundist annars staðar við landið. Vaxtarstaðurinn er um 4 km innan við fyrirhugaðar eldiskvíar og því litlar líkur á skaðlegum

áhrifum. Lífríki Berufjarðar virðist ekki stafa mikil hættu af fyrirhugaðri starfsemi og því ekki ástæða til að umrædd starfsemi fari í mat á umhverfisáhrifum.

Hollustuvernd ríkisins telur mestar líkur á að skilgreina megi svæðið sem síður viðkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Í Berufirði gæti sjávarfalla meira en í nokkrum öðrum firði á Austurlandi. Komi upp staðbundin vandamál vegna næringarsalta og lífræns úrgangs eigi að vera hægt að færa stafsemina um set og því sé jafnan ekki um óafturkræf áhrif að ræða. Í starfsleyfi verða ákvæði um nauðsynlegt eftirlit og hugsanlegar aðgerðir. Stofnunin gerir ekki kröfur um að fram fari mat á umhverfisáhrifum vegna kvíaeldis á svæðum sem skilgreind eru síður viðkvæm, enda leggi framkvæmdaraðili fram gögn sem sýna að svo sé.

Náttúruvernd ríkisins telur að skoða verði mjög vel allar hliðar á áhrifum sjókvíaeldis. Sérstaklega hvað snertir hugsanlega erfðamengun á villtum laxi og þá hættu sem stafar af hugsanlegri útbreiðslu sjúkdóma og sníkjudýra. Bent er á að um 2-5 % laxa sleppi úr kvíum í Noregi og að á ársgrundvelli, í 6.000-8.000 tonna fiskeldi (1.5 - 2.0 milljónir fiska), geti því tugir þúsunda laxa sloppið og dreifst mjög víða háð því hvenær á þroskaskeiði sínu þeir sleppa. Rétt sé að geta þess að talið er að líklega gangi um 60-100 þúsund laxar í íslenskar ár. Sjókvíaeldi geti ógnað þeirri nýtingu sem nú er á villtum laxastofnum, líffræðilegri fjölbreytni þeirra og komið í veg fyrir þróun laxastofna eftir lögmálum náttúrunnar og orðið til þess að sjúkdómar og sníkjudýr dreifist hraðar og með meira álagi en gerist við náttúrulegar aðstæður.

Náttúruvernd ríkisins vísar í álit Veiðimálastofnunar, dags. 14. september 2000, sem telji að sjókvíaeldi í Berufirði eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum. Afstaða Veiðimálastofnunar byggist mikið til á þeirri hættu sem geti stafað af erfðamengun, sjúkdómum og sníkjudýrum. Veiðimálastofnun bendi t.d. á að dreifing sníkjudýra hafi valdið því að lax hafi eyðst í tugum áa í Noregi, kylaveiki hafi dreifst vegna flutnings á fiski vegna fiskeldis, laxalús hafi haft mikil neikvæð áhrif á aðra stofna o.s.frv. En einnig bendir stofnunin á fleiri þætti s.s. að ekki sé nægjanlega vel tekið á grenndarrétti, en áhrif kvíaeldis geta náð til aðila fjarri eldisstöð og að laxveiðilögin taki ekki nægjanlega vel á visthæfu fiskeldi. Einnig bendir stofnunin á að gera þurfi betur grein fyrir framtíðarmöguleikum laxeldis í sjó við Ísland en hitastig sé yfirleitt lægra hér en erlendis, vaxtarhraði því minni og eldið því dýrara. Auk framangreinds nefnir Veiðimálastofnun áhrif frá lyfjanotkun og mengun vegna fóðrunar.

Náttúruvernd ríkisins telur að sjókvíaeldi eigi skilyrðislaust að fara í mat á umhverfisáhrifum vegna þeirra óvissuþátta sem hafa verið nefndir hér að ofan og varða m.a. erfðamengun, sjúkdóma og sníkjudýr. Með mati á umhverfisáhrifum sé framkvæmdaraðila gert skylt að sýna fram á að sjókvíaeldi valdi ekki umtalsverðum neikvæðum áhrifum á umhverfið eða sýna fram á mótvægisáðgerðir sem komi í veg fyrir umtalsverð umhverfisáhrif. Allir sem telja sig hafa hagsmuna að gæta hafi í matsferlinu möguleika á að segja álit sitt á framkvæmdinni.

Að mati Náttúruverndar ríkisins hafa verið teknar ákvarðanir sem ganga út frá verndun villta laxastofnsins með lögum (lög um náttúruvernd, þróun náttúrunnar eftir eigin lögmálum) og alþjóðasamþykktum (verndun líffræðilegrar fjölbreytni). Það sé því búið að ákveða að það séu mikil verðmæti í villtum dýrastofnum. Mat á umhverfisáhrifum gefi möguleika á að veita og

meta þá kosti sem séu í stöðunni og afleiðingar þeirra.

Veiðimálastjóri vísar til fyrri afgreiðslu varðandi sjókvíar fyrir lax í Mjóafirði og telur ekki nauðsynlegt að gerð sér matsskýrsla fyrir hverja eldisstöð, sem reist verður við landið. Hinsvegar sé brýnt að framkvæma heildstætt mat á umhverfisáhrifum fyrir sjókvíaeldi sem atvinnugrein með tilliti til fyrirhugaðra eldisaðferða og staðsetningar við landið. Þótt slíkt heildstætt mat falli e.t.v. ekki að því matsferli sem lög um mat á umhverfisáhrifum gera ráð fyrir þurfi að vera farvegur fyrir slíkan feril og Skipulagsstofnun sé rétti aðilinn til að úrskurða um slíkt, þótt framkvæmd matsins verði óhefðbundin. Bent er á að nefnd, skipuð af landbúnaðarráðherra, sem hefur það hlutverk að gera tillögur varðandi staðsetningu kvíaeldis hér við land sé að hefja störf. Þá er einnig bent á, að á meðan mati á umhverfisáhrifum er ekki lokið og nefnd landbúnaðarráðherra hefur ekki lokið störfum, þurfi allar sjókvíastöðvar að leita eftir sérstakri heimild landbúnaðarráðuneytis varðandi notkun á norskættuðum laxastofnum í kvíaeldi.

Niðurstaða

Um er að ræða allt að 8.000 tonna þaueldi á fiski, á ári, sem samkvæmt 6. gr. og lið 1. g í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er talið að viðtaki sé síður viðkvæmur skv. skilgreiningu reglugerðar nr. 798/1999. Fjörðurinn sé opinn, breiður og djúpur og þynningarhraði mikill, lítil hætta á ofnæringu, uppsöfnun næringarefna eða súrefnisþurrð og í hann berist í dag óverulegt magn efna frá annarri starfsemi. Hollustuvernd ríkisins telur mestar líkur á að skilgreina megi svæðið sem síður viðkvæmt í samræmi við framangreinda reglugerð. Hafrannsóknastofnunin telur að lífríki Berufjarðar virðist ekki stafa mikil hætta af fyrirhugaðri starfsemi. Umrædd starfsemi er fyrirhuguð á svæði er liggur milli 8 og 10 km frá fjarðarbotni þar sem sjávardýpi er 45-60 m og er niðurstaða Skipulagsstofnunar sú að ekkert hafi komið fram sem bendi til þess að svæðið megi ekki skilgreina sem síður viðkvæmt.

Í álitni Náttúruverndar ríkisins er bent á að vegna óvissu um hættu m.a. á erfðamengun, útbreiðslu sjúkdóma og sníkjudýra eigi að fara fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Hafrannsóknastofnunin telur að vegna fjarlægðar við laxveiðiár séu litlar líkur á erfðablöndun við villta laxastofna ef lax sleppur úr kvíunum.

Veiðimálastjóri telur að ekki sé nauðsynlegt að fram fari mat á umhverfisáhrifum fyrir einstakar eldisstöðvar heldur beri að framkvæma heildstætt mat fyrir sjókvíaeldi sem atvinnugrein, þó það falli ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Bendir hann á að landbúnaðarráðherra hafi skipað nefnd sem hefur það hlutverk að gera tillögur varðandi staðsetningu kvíaeldis hér við land.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila. Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila, að fengnu álitni hreppsnefndar Djúpavogshrepps,

Hafrannsóknastofnunarinnar, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og veiðimálastjóra telur Skipulagsstofnun að sjókvíaeldi á laxi í Berufirði skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum enda verði við leyfisveitingar farið eftir þeim lögum og reglugerðum sem starfsemin er háð.

Skipulagsstofnun telur að lög nr. 76/1976 um lax- og silungsveiði og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og reglugerð nr. 105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna myndi lagaramma utan um leyfisveitingar fyrir þeirri starfsemi sem hér um ræðir. Á grundvelli ákvæða þessara laga og reglugerða verði unnt að taka á ásættanlegan hátt m.a. á erfðamengun, útbreiðslu sjúkdóma og snýkjudyra og aðkomu hagsmunaaðila og almennings sem vísað er til í álitum hér á undan.

Skipulagsstofnun telur að stjórnvöld þau sem fjalla um leyfisveitingar vegna starfsemi þeirrar sem hér um ræðir hafi bæði valdheimildir og séu hæf til að koma í veg fyrir eða takmarka verulega sjúkdóma- og erfðamengunarhættu vegna kvíaeldis og að gildandi lagarammi á þessu sviði sé fullnægjandi til að þeim sé kleift að sinna því hlutverki sínu. Þá vekur stofnunin aukinheldur athygli á því að ákvarðanir veiðimálastjóra á þessu sviði eru kærnanlegar til landbúnaðarráðherra, sbr. 1. mgr. 85. gr. laga nr. 76/1970.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. nóvember 2000.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Fylgiskjöl:

Álit hreppsnefndar Djúpavogshrepps dags. 18. september 2000, Hafrannsóknastofnunarinnar dags. 22. september 2000, Hollustuverndar ríkisins dags. 21. september 2000, Náttúruverndar ríkisins dags. 25. september og veiðimálastjóra dags. 15. september 2000.

Afrit.

Umhverfisráðuneytið
Djúpavogshreppur
Hafrannsóknastofnunin
Hollustuvernd ríkisins
Náttúruvernd ríkisins
Veiðimálastjóri

